



FRÉTTAPISTILL FRÁ ODDAFÉLAGINU SEPTEMBER 2016

Kæri Oddafélagi,

Oddafélagið hefur nú starfað í aldarfjórðung og á þeim tíma hefur verið unnið mikið brautryðjendastarf við að vekja athygli á hinum merka stað Odda á Rangárvöllum og þeim sess sem hann verðskuldar þegar saga þjóðarinnar er skoðuð. Formaður Oddafélagsins frá upphafi hefur verið Dr. Þór Jakobsson veðurfræðingur. Hann lét af starfi formanns fyrr á þessu ári eftir farsælan feril. Í nýja stjórn voru kosin Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri Kirkjubæ formaður, Drífa Hjartardóttir Keldum varaformaður, Íris Björk Sigurðardóttir Hellu gjaldkeri, Elína Hrund Kristjánsdóttur Odda, ritari og Sigrún Ólafsdóttir Hellu meðstjórnandi.

Oddastefna 2016 - hugarflug

Á fjölmennri Oddastefnu sem haldin var á Hótel Stracta sl. vor var þátttakendum skipt upp í vinnuhópa með það verkefni að ræða og brjóta heilann um framtíð Oddafélagsins og hvar bæri að leggja helstu áherslur. Þetta tókst afar vel og mun afrakstur þessa vinnufundar gefa stjórn



félagsins gott veganesti nú þegar kúrsinn verður tekinn fyrir starfsemi næstu ára. Ef skoðuð eru helstu atriði sem fram komu úr þessu hugarflugi á Oddastefnu þá leggur fólk mikla áherslu á að hefja rannsóknir á mögulegum minjum í Odda og að það sé í raun fyrsta skrefið sem stíga

þurfi. Þá voru margir sem hvöttu til þess að hin svokallaða Oddabru yrði að veruleika en þar er um að ræða áratuga langa baráttu um að brúa þverá og koma þannig beinu vegsambandi við Bakkabæi og Landeyjar og koma í raun Odda í alfaraleið. Annað sem margir nefndu er uppsetning

upplýsingaskilta og annarra merkinga í Odda og að koma upp aðstöðu til að taka á móti gestum – hugmyndin gamla góða um Sæmundarstofu. Önnur áhersluatriði sem nefnd voru til sögunnar eru Fjáröflun til góðra verka; Samstarf við ýmsa, HÍ, Reykholt ofl.; Gönguleiðir í Odda og nágrenni; Umhverfismál í Odda; Útgáfa; Námskeið; Leggja rækt við kirkjuna og prestsetrið.

Oddarannsóknin – fyrstu skrefin stigin.

Það hefur lengi verið rætt innan Oddafélagsins að nauðsyn bæri til að rannsaka svæðið í Odda með tilliti til fornleifa og minja. Þetta kom einnig sterklega fram á hugarflugi Oddastefnu sl. vor eins og nefnt er hér áður. Nú síðsumars voru svo stigin fyrstu skrefin í þessu fyrir tilstuðlan Oddafélagsins. Föstudaginn 5. ágúst sl. kom Steinunn Kristjánsdóttir prófessor í fornleifafræði við Háskóla Íslands ásamt fríðu föruneysi í Odda til að



gera fyrstu tilraunir með jarðsjá á Oddastað. Skoðað var ákveðið svæði í kringum hús í Odda og á plönnum. Einnig var farið með jarðsjánnu yfir svæði sunnan undir kirkjunni þar sem mikið er af ómerktum leiðum. Þessi fyrsta jarðsjárvinna gekk vel og Steinunn hefur nú skilað Oddafélaginu




skýrslu með helstu niðurstöðum þessarar fyrstu rannsóknarvinnu í Odda sem setur tóninn fyrir framhaldið. Frétt næmt er að í þessari fyrstu tilraun fundust að öllum líkindum grunnar tveggja eldri kirkna í Odda.

Í samvinnu við Flugbjörgunarsveitina á Hellu var einnig flogið með myndavélardróna yfir Oddastað í björtu veðri þann 4. ágúst sl. Þær myndir sem þar náðust eru geysilega gagnlegar til að greina garða og þústir, misfellur í landslagi

og allskyns mynstur. Það verður spennandi að vinna úr þessum gögnum á næstunni og skipuleggja frekari rannsóknarvinnu í Odda. Það er Oddafélagið sem stendur að þessari vinnu með góðum tilstyrk frá Héraðsnefnd Rangæinga.

Upplýsingar um Oddafélagið – þurfum fleiri öfluga liðsmenn

Við höfum nú opnað einfalda heimasíðu fyrir Oddafélagið á slóðinni www.oddafelagid.net þar sem safnað er því sem tengist félaginu og fréttir af starfinu eru birtar.



Jafnframt höldum við úti Facebook síðu fyrir félagið í sama tilgangi. Hvet ykkur til að kíkja þarna inn af og til og láta heyra í ykkur með hvaðeina sem að gagni mætti koma til eflingar Odda á Rangárvöllum. Þá hvet ég ykkur til að segja vinum og kunningjum frá starfi Oddafélagsins – það vantar alltaf fleiri öfluga liðsmenn til að leggjast á árararnar!

Gerum Odda á Rangárvöllum að miðstöð menningar á nýjan leik.

Kær kveðja

Ágúst Sigurðsson